



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA AÐ ÁLYKTUN UM FRÆÐSLU OG STYRKARSJÓÐ FG

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17.- 18. maí 2018 hvetur stjórnir FG og Fræðslu- og kynningarsjóð til að efla enn frekar starfsemi sjóðsins.

Á síðustu árum hefur sjóðurinn styrkt þá félagsmenn FG sem hafa leyfisbréf eftir B.ed. próf til að ljúka meistaraáttindum, styrkt rannsóknir á starfi kennara, staðið að útgáfu á bókum, styrkt svæðafélög til að efla haustþing, greitt trúnaðarmönnum umbun, haldið alþjóðlega ráðstefnu á Flúðum, styrkt verkefni sem miðar að kennara- og nemendasamskiptum við Kanada og margt fleira.

Enn fremur skorar aðalfundur FG á ofangreinda aðila að kanna möguleika á því að auka tækifæri félagsmanna FG til að stunda starfsþróun. Ein leið væri að styrkja þá til að stunda starfendarrannsóknir, önnur leið að greiða þeim einhver laun svo þeir þurfi ekki að vera í 100% starfi samhliða námi eða jafnvel einhver allt önnur leið.

Aðalfundurinn leggur til að nú þegar verði hafist handa við að kanna möguleika á að styrkja kennara til að taka þátt í kennaraskiptaáætlun við Kanada sem verið er að vinna að og verða þannig hluti af verkefni sem teygir sig til Nýja-Sjálands, Finnlands, Kanada og Ástralíu.